

Mánudaginn 10. júlí 1989.

Nr. 368/1988. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

**Péttri Ingólfssyni**

(Jón Bjarnason hrl.).

Skilasvik. Skilorð.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Ríkissaksóknari áfrýjaði héraðsdómi til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu 31. október 1988 að ósk ákærða, en jafnframt var málinu áfrýjað „af ákærvaldsins hálfu til sakfellingar samkvæmt ákæru og þyngingar refsingar“. Við munnlegan flutning málsins hér fyrir dómi var þess krafist, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur, þó þannig, að refsing yrði þyngd. Jafnframt var því lýst yfir, að fallist væri á þá niðurstöðu héraðsdóms, að ósannað væri, að ákærði hefði skotið undan fé.

Eins og fram kemur í héraðsdómi, var ákærði kaupmaður og hafði rekið fataverslun um nokkurt skeið. Var verslunin í fyrstu í einkaeign hans, en var sögð rekin af sameignarfélagi hans og dóttur hans frá 1. janúar 1983 til 1. janúar 1984. Samkvæmt auglýsingu í Lögbirtingablaði 1984, nr. 100, sem út kom 4. desember, var hlutafélagið Pétur Ingólfsson stofnað 2. janúar 1984. Stjórnarformaður og framkvæmdastjóri var ákærði. Tilgangur félagsins var m.a. sá að reka smásölu. Ekki eru gögn um, hvort og hvenær hlutafélagið tók við rekstri verslunarinnar, en tilkynnt var 31. október 1984, að áðurgreint sameignarfélag hefði hætt starfsemi um áramótin næstu á undan. Undirskrift ákærða á skjölum varðandi verslunina og hann sjálfan var með ýmsu móti árið 1984, en ekki er fram komið, að aðrir hafi á þeim tíma undirritað skjöl varðandi verslunarreksturinn. Ber ákærði refsíabyrgð á þeim fjármálaráðstöfunum, sem mál þetta snýst um.

Bókhald Péturs Ingólfssonar sf. fyrir 1983 var ófullkomið. Fyrir liggja reikningar, dagsettir í október 1984, og segir löggiltur endur-

skoðandi, er reikningana samdi, að það hafi hann gert eftir fram lögðum gögnum og upplýsingum ákærða, en ekki framkvæmt endurskoðun. Eftir reikningum þessum var rekstrartap 1983 250.838,00 krónur, en eignir umfram skuldir í árslok 109.162,00 krónur. Ekki liggur fyrir bókhald um verslunarreksturinn árið 1984, en ákærði skilaði söluskattsskýrslum fyrir fyrstu 9 mánuði ársins. Þær eru undirritaðar af honum „pr. pr. Pétur Ingólfsson sf.“. Söluskatturinn var ekki greiddur.

Fram er komið, að rekstur verslunarinnar gekk illa 1984. Segir ákærði sjálfur, að lánardrottinn hafi gengið hart að sér. Hann hafði selt íbúð sína um vorið, en um haustið urðu þeir atburðir, sem mál þetta snýst um. Ákærði seldi 26. september eignarhluta sinn í Bústað sf. og ráðstafaði andvirðinu til að greiða skuldir. Hinn 17. nóvember var verslunin seld og andvirðið einnig notað til greiðslu skulda. Ákærði fór úr landi 7. desember. Hinn 7. mars 1985 var bú hans tekið til gjaldþrotaskipta. Lýsti hann yfir því fyrir skiptarétti, að hann ætti ekki lengur neinar eignir. Lýstar kröfur í búið námu 5.044.750,93 krónum. Skiptaréttur hefur ekki tekið afstöðu nema til einnar kröfu, sem lýst var, og af hálfu ákærða er því haldið fram, að skuldir sínar hafi í raun ekki verið miklar. Ljóst er, að þær voru verulegar, eins og lýst er í hinum áfrýjaða dómi, en ekki er þörf á því, eins og mál þetta liggur fyrir, að taka með öðrum hætti afstöðu til þess, hve háar þær voru.

Kröfur þær, sem ákærði greiddi síðustu mánuði ársins 1984, voru flestar gjaldfallnar, en glöggar upplýsingar eru ekki um það atriði.

Eftir 26. september 1984 hlaut ákærði að sjá fram á, að hann gæti ekki staðið í skilum við alla lánardrottna sína. Kröfur þær, sem hann greiddi eftir þetta, voru, eins og á stóð, tiltölulega háar, og skiptir þá eigi máli, hvort þær voru gjaldfallnar eða ekki. Greiðslurnar leiddu til skerðingar á rétti sumra kröfuhafa, og hlaut ákærða að vera ljóst, að svo myndi verða. Hefur ákærði brotið gegn 250. gr., 1. mgr. 4. tl., almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Refsiákvörðun héraðsdóms ber að staðfesta, þó þannig, að rétt er að skilorðsbinda refsinguna, svo sem í dómsorði segir.

Málskostnaðarákvæði héraðsdóms er staðfest. Dæma ber ákærða til að greiða áfrýjunarkostnað, eins og í dómsorði segir.

## D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Ingólfsson, sæti fangelsi sex mánuði. Fullnustu refsingarinnar skal frestað og hún niður falla að þremur árum liðnum frá uppsögu dóms þessa, ef ákærði heldur almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað er staðfest.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun, í ríkissjóð, 40.000,00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hæstaréttarlögmans, 40.000,00 krónur.

**Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. júní 1988.**

Ár 1988, föstudaginn 24. júní, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Arngrími Ísberg sakadómar, kveðinn upp dómur í málinu nr. 362/1988: Ákærvaldið gegn Pétri Ingólfssyni, sem dómtekið var 10. júní sl. Málið hafði upphaflega verið dómtekið 18. mars sl., en var síðan endurupptekið og dómtekið að nýju, svo sem áður sagði.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, út gefnu 15. maí 1986, á hendur Pétri Ingólfssyni, nú til heimilis að Hraunbæ 96 í Reykjavík, fæddum 6. október 1936 í Reykjavík, „fyrir skilasvik með því að hafa síðustu mánuði fyrir gjaldþrot sitt 7. mars 1985, einkum síðustu mánuði ársins 1984, selt meginhluta eigna sinna, þ.e. eignarhluta sinn í sameignarfélaginu Bústað, Borgartúni 29, Reykjavík, og verslunina Viktoríu, Lauga-vegi 12, Reykjavík, og síðan ráðstafað söluandvirði eignanna á þann veg, að lánardrottnum ákærða var stórlega mismunað, einkum með greiðslu þeirra fjárskuldbindinga sinna, þar sem nánir ættingjar og vinir stóðu í ábyrgð fyrir, svo sem hér á eftir verður nánar rakið, og enn fremur með undanskoti á hluta þessara fjármuna, allt með þeim afleiðingum, að skipta-meðferð á búinu leiddi í ljós, að búið var með öllu eignalaust, en lýstar kröfur í það námu samtals 5.044.750,93 kr.:

I.	26. september 1984 seldur eignarhluti í Bústað sf., söluverð til ráðstöfunar .....	kr. 3.750.000,00
II.	17. október (svo) 1984 seld verslunin Viktoría, söluverð til ráðstöfunar .....	kr. 3.937.500,00
	Samtals söluverð eigna .....	<u>kr. 7.687.500,00</u>

III. Lánardrottnum mismunað með greiðslu eða viðtöku kaupanda á eftirgreindum fjárskuldbindingum ákærða:	
1. Skuld ákærða við Bústað sf. gerð upp við sölu	kr. 256.950,00
2. Bústaður sf. tekur við kaupin á sig skuld ákærða við Lífeyrissjóð verslunarmanna	kr. 617.232,55
3. 26. september 1984 gerð upp skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson og Þorsteinn Þorvaldsson	kr. 325.630,17
4. 27. september 1984 gerð upp skuld við Verslunarbanka Íslands, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson og Björgúlfur Pétursson	kr. 406.912,54
5. 27. september 1984 gerð upp skuld við Verslunarbanka Íslands samkvæmt þremur víxlum, ábyrgðarmaður Ingólfur Guðmundsson	kr. 747.000,00
6. 2. október 1984 gerð upp víxilskuld við Iðnaðarbanka Íslands, ábyrgðarmaður Ingólfur Guðmundsson	kr. 308.302,00
7. 9. október 1984 gerð upp víxilskuld við Landsbanka Íslands, ábyrgðarmaður Ingólfur Guðmundsson	kr. 150.000,00
8. 20. nóvember 1984 greitt upp skuldabréf hjá Iðnaðarbanka Íslands, Hafnarfirði, ábyrgðarmenn Hjörtur Ingólfsson og Ingólfur Guðmundsson	kr. 66.520,90
9. 27. nóvember 1984 greidd dómskuld vegna innstæðulauss tékka, framseljendur tékkans Björgúlfur Pétursson, Lárus Lúðvíksson og Pálmi Haraldsson	kr. 65.105,00
10. Í nóvember 1984 greiddur innstæðulaus tékki í vörslum Arnolds Carls Henckells heildsala, ábyrgðarmenn Björgúlfur Pétursson og Lárus Lúðvíksson	kr. 100.000,00
11. 4. desember 1984 greiddir tveir víxlar, samþykktir af Björgúlfi Péturssyni, syni ákærða, en út gefnir af Guðjóni Styrkárssyni hrl.	kr. 105.604,00
12. 6. desember 1984 greiddir Guðjóni Styrkárssyni hrl. tveir víxlar, samþykktir af Björgúlfi Péturssyni	kr. 175.000,00
og enn fremur greitt honum hinn 13., 16. og 20. nóvember inn á innstæðulausa tékka	kr. 75.000,00

13. Í desember 1984 gerðar upp við Gunnar Axel Pálsson hrl. skuldir samkvæmt innstæðulausum tékkum .....	kr.	374.818,00
14. Í desember 1984 gerð upp yfirdráttarskuld á hlr. 421 við Iðnaðarbanka Íslands, Hafnarfirði, ábyrgðarmaður Björgúlfur Pétursson, .....	kr.	606.250,00
Samtals	kr.	<u>4.380.325,16</u>

IV. Óskýrður mismunur, 1.379.991,16 kr., þ.e. undanskotið fé, útleiðist með eftirgreindum hætti:

A. Söluandvirði fyrrgreindra eigna	kr.	7.687.500,00
B. <i>Frá dregst:</i>		
1. Greiddar almennar kröfur, sbr. III. kafla, .....	kr.	4.380.325,16
2. Greiddar löghalds- og veðkröfur	kr.	1.093.750,00
3. Afföll af verðbréfum .....	kr.	655.912,00
4. Greidd sölulaun .....	kr.	100.000,00
5. Greiddir ýmsir reikningar .....	kr.	78.004,00
Undanskotið fé .....	kr.	<u>6.307.991,16</u>
		<u>1.379.508,84</u>

Framanlýst ráðstöfun ákærða á söluandvirði tilgreindra eigna á þeim tíma, sem honum hlaut að vera ljóst, að fjárhagur hans stóð höllum fæti, telst varða við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Af hálfu ákærða er krafist sýknu og að allur sakarkostnaður verði lagður á ríkissjóð, þar með talin hæfileg málsvarnarlaun verjanda ákærða. Verjandi ákærða hélt því fram, að hann hefði ekki á nokkurn hátt brotið gegn 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga með sölu eigna sinna og greiðslu skulda. Ákærði hefði selt eignir til að greiða skuldir, en ekki fengið nægjanlega hátt verð fyrir verslunina Viktoríu miðað við það, hvað hann hefði átt að geta fengið. Þá hefði aðgangsharka kröfuhafa ráðið mikið til ferðinni, ekki síst bankanna, en ákærði hefði lagt áherslu á að greiða þeim í von um fyrirgreiðslu síðar, er svo hefði brugðist. Einnig hefði á þessum tíma verið mikil verðbólga og lánskjaravísitala hækkað ört. Þá hefði ákærði engu fé skotið undan. Það fé, sem talið er undan skotið í ákærinni, hefði gengið til að greiða mönnum, er höfðu lánað ákærða fé með háum vöxtum.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann tvisvar verið sektaður fyrir umferðarlagabrot, á árunum 1961 og 1964.

Málavextir verða nú raktir samkvæmt framburði ákærða og vitna svo og eftir öðrum gögnum málsins.

#### I.

Um nokkurra ára skeið rak ákærði tiskuverzlunina Viktoríu að Lauga-vegi 12 hér í borg. Fyrst var þetta einkafirma ákærða, síðar sameignarfélag hans og dóttur hans, Þóru, og 2. janúar 1984 var stofnað hlutafélagið Pétur Ingólfsson. Taldi ákærði, að hlutafélagið hefði rekið verslunina, allt þar til hún var seld í nóvember 1984, svo sem síðar verður rakið.

Meðal gagna málsins er ársreikningur vegna Péturs Ingólfssonar sf. fyrir árið 1983, saminn af endurskoðunarskrifstofu Ragnars Á. Magnússonar. Þar kemur fram, að samkvæmt efnahagsreikningi 31. desember 1983 voru eignir félagsins samtals 895.961,00 kr., en skuldir 786.799,00 krónur. Tap á rekstrinum 1983 var 250.838,00 krónur.

Ekki liggur fyrir bókhald ársins 1984, en samkvæmt framburði ákærða gekk rekstur verslunarinnar hratt niður á við þetta ár. Samkeppni jókst, og hann kvaðst hafa tekið rangar ákvarðanir um innkaup. Einnig hefði sala farið dvinandi undanfarin ár, og á þeim tíma keypti ákærði íbúð á verðtrygðum lánum, sem hlóðu verulega utan á sig. Fram er komið í málinu, að á þessu ári greiddi hann engan söluskatt, en skilaði þó alltaf inn skýrslum. Í málinu eru til skýrslur fyrir mánuðina janúar til september, og eru þær allar undirritaðar af ákærða pr. pr. Pétur Ingólfsson sf.

Í mars 1984 seldi ákærði íbúð sína að Eiðistorgi 5. Söluverð var 2.750.000,00 krónur. Fékk ákærði í sínar hendur 1.850.000,00 kr. í peningum og víxlum og 212.614,00 kr. í skuldabréfi, en 687.186,00 kr. tók kaupandi að sér í formi áhvilandi lána. Ekki er ákært fyrir ráðstöfun þessa, og verður því ekki um hana frekar fjallað hér.

#### II.

Ákærði átti 12,5% í firmanu Bústað sf. Aðrir eigendur voru faðir hans og bræður. Bústaður sf. átti og rak fasteignina Borgartún 29. Hinn 26. september 1984 seldi ákærði sameigendum sínum hlut sinn í félaginu fyrir 3.750.000,00 kr. Ákærði kvað tilgang sinn með sölunni hafa verið að losa fé til að greiða skuldir. Kaupverðið var fundið með því að leggja saman brunabótamatsverð og fasteignamatsverð og deila í með tveimur. Samkvæmt félagssamningi átti ákærði ekki rétt á að fá sinn hlut greiddan út fyrir en að tveimur árum liðnum frá næstu áramótum, eftir að hann gekk úr félaginu. Hann mun hins vegar hafa sótt það fast að fá greiddan sinn hlut, og varð það úr.

Kaupverðið var greitt sem hér segir: Bústaður hélt eftir 256.950,00 kr., er ákærði skuldaði félaginu. Var þar um að ræða lán til ákærða frá því í ágúst 1984 og hlut hans í opinberum gjöldum félagsins og fleira. Hinn 5. apríl 1984 hafði ákærði flutt lán til Lífeyrissjóðs verslunarmanna af íbúðinni að Eiðistorgi 5 yfir á Borgartún 29, og sama dag flutti hann einnig lán til sama sjóðs af íbúð sonar síns að Leirutanga 49 í Mosfellssveit yfir á Borgartún 29. Við kaupin tók Bústaður sf. að sér þessar skuldir, samtals 617.232,55 kr. Kr. 325.630,17 notaði ákærði til að greiða upp skuldabréf við Verslunarbankann. Ábyrgðarmenn voru Hjörtur Ingólfsson, bróðir ákærða, og Þorsteinn Þorvaldsson, kunningi hans. Ákærði bar fyrir dómi, að Verslunarbankinn hefði verið aðalviðskiptabanki sinn, og til að liðka fyrir væntanlegri fyrirgreiðslu bankans við sig hugði hann það vera kröfu bankans, að þessi skuld yrði gerð upp. Þá var einnig gert upp skuldabréf við sama banka með 406.912,54 kr., og lágu sömu ástæður til þess og fyrr var rakið samkvæmt framburði ákærða. Ábyrgðarmenn á þessu bréfi voru Hjörtur, bróðir hans, og Björgúlfur, sonur hans. Þá voru greiddir þrjár víxlar hjá Verslunarbankanum, samtals að fjárhæð 747.000,00 kr., og lágu sömu ástæður til greiðslu til þeirra og skuldabréfanna og að framan er rakið. Ábyrgðarmaður þessara víxla var bróðir ákærða, Hjörtur, en ekki faðir hans, eins og segir í ákærinni. Greiddur var 300.000,00 króna víxill við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði með 308.302,00 kr. Ábyrgðarmaður á víxlinum var faðir ákærða, Ingólfur Guðmundsson. Ákærði kvað bankann hafa krafist þess, að víxlinum yrði breytt í skuldabréfalán, og hafi það verið gert og Borgartún 29 sett að veði fyrir láninu. Bústaður sf. hafi svo annast greiðslu bréfsins. Loks varð að samkomulagi á milli ákærða og Bústaðar sf., að félagið greiddi 150.000,00 króna víxilskuld við Landsbankann, sem faðir hans var ábyrgðarmaður að, og 66.520,90 kr., sem var skuld við Iðnaðarbankann í Hafnarfirði samkvæmt skuldabréfi, er faðir ákærða og Hjörtur, bróðir hans, voru ábyrgðarmenn á.

Auk þess, sem að framan er rakið, fékk ákæri í hendur fjögur skuldabréf, hvert að fjárhæð 220.000,00 kr., og þar með hafði Bústaður sf. gert upp við ákærða. Bréf þessi seldi ákærði á verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagsins, og fengust út úr þeirri sölu samtals 608.159,00 krónur.

### III.

Svo sem fyrr sagði, rak ákærði tískuvöruverslunina Viktoríu hér í borg. Hana seldi hann 17. nóvember 1984, en ekki 17. október, eins og segir í ákæru, og undirritar hann kaupsamninginn f.h. Péturs Ingólfssonar hf. Kaupandi var Jónína S. Lárusdóttir. Kaupverðið var 3.937.500,00 kr., og var það að fullu greitt við undirritun samningsins. Voru 200.000,00 kr.

greiddar í reiðufé, 2.987.500,00 kr. með 8 víxlum á gjalddögum 1/12 og 22/12 1984 og 1/1, 10/1, 10/2, 1/4, 1/9 og 1/12 1985. Loks voru 750.000,00 kr. greiddar með 10 skuldabréfum, hverju að fjárhæð 75.000,00 kr.

Af kaupverðinu notaði ákærði 1.093.750,00 kr. til að greiða löghalds- og veðkröfur, sem hvíldu á versluninni, eins og hann var skuldbundinn til samkvæmt kaupsamningnum. Kr. 100.000,00 runnu til greiðslu sölulauna. Víxil, að fjárhæð 587.500,00 kr., seldi ákærði Herluf Clausen fyrir 320.000,00 kr. Andvirðið kvaðst ákærði hafa notað til að greiða skuldir og þar á meðal dómskuld við Verslunarbankann, að fjárhæð 65.105,00 kr., vegna tékka. Framseljendur hans voru Björgúlfur Pétursson, sonur ákærða, Lárus G. Lúðvíksson og Pálmi Haraldsson. Kvað ákærði bankann hafa verið aðalviðskiptabanka sinn og hann því viljað hreinsa þar til. Víxill, að fjárhæð 606.250,00 kr., var afhentur Iðnaðarbankanum í Hafnarfirði til greiðslu á óheimiludum yfirdrætti verslunarinnar þar. Í ákæru er því haldið fram, að Björgúlfur, sonur ákærða, hafi borið ábyrgð á þessum yfirdrætti, en hér fyrir dómi hefur komið fram, að svo var ekki. Átta af skuldabréfunum seldi ákærði á verðbréfamarkaði Fjárfestingarfélagssins og fékk fyrir þau samtals 508.611,00 kr. Tvö skuldabréfanna afhenti hann syni sínum, er seldi þau fyrir 124.818,00 kr. á sama stað, og rann andvirðið til Gunnars A. Pálssonar, sem hafði undir höndum tékka, út gefna af ákærða. Einnig fékk Gunnar í hendur víxil, að fjárhæð 250.000,00 kr., er ákærði fékk við söluna á versluninni. Verður viðskiptunum við Gunnar og aðra lýst nánar hér á eftir. Andvirði skuldabréfanna, sem ákærði seldi sjálfur, kvað hann hafa runnið til Gunnars og Arnolds Henckels, en þeir hefðu lánað sér fé. Verður um það nánar fjallað síðar. Arnold mun einnig hafa fengið 100.000,00 króna víxil, er ákærði fékk við söluna, en hann hafði undir höndum tékka frá ákærða. Þá mun ákærði hafa greitt Guðjóni Styrkárssyni samtals 355.604,00 kr., og kvaðst hann hafa gert það vegna aðgangshörku Guðjóns. Ekki vildi Guðjón kannast við það fyrir dómi að hafa þurft að beita hörku við innheimtuna. Af þessari upphæð voru 280.604,00 kr. vegna víxla, sem Björgúlfur, sonur ákærða, var í ábyrgð fyrir. Það, sem vantar, kveðst ákærði hafa notað almennt til að greiða skuldir án þess að geta gert nákvæmar grein fyrir því.

Hér fyrir dómi hefur ákærði borið, að í upphafi hafi verið gert ráð fyrir því, að verslunin myndi seljast fyrir mun hærra verð en raun varð á, allt að 5,5 til 6 milljónum. Hefur verjandi hans lagt fram yfirlýsingu frá Andra Árnasyni hdl., er annaðist söluna, og samkvæmt henni var miðað við, að verðið væri allt að 5 milljónum króna, þegar ákærði fór þess á leit við hann, að hann annaðist söluna. Ákærði kvað vanmat á vörulager hafa valdið því, að ekki fékkst hærra verð fyrir verslunina.

Þegar ákærði hafði selt eignarhlut sinn í Bústað sf. og verslunina Viktoríu, var hann orðinn eignalaus, en skuldaði enn töluvert fé. Þar á meðal skuldaði hann Lárusi G. Lúðvíkssyni. Lárus hafði ásamt starfsmanni sínum, Pálma Haraldssyni, staðið í viðræðum við ákærða um greiðslu skuldanna, en ekki höfðu þær viðræður borið árangur, er ákærði fór af landi brott til Danmerkur 7. desember 1984. Hinn 29. nóvember hafði eiginkona hans, Auður Viktoría Þórisdóttir, sent búslóð til Holstebro í Danmörku. Hinn 3. desember krafðist ákærði skilnaðar að borði og sæng við konuna, og var leyfi til þess gefið út 5. desember.

Með beiðni, dagsettri 3. janúar 1985, krafðist Grétar Haraldsson hrl. þess fyrir hönd Lárusar G. Lúðvíkssonar, að bú ákærða yrði tekið til gjaldþrotaskipta á grundvelli b-liðar 1. mgr. 13. gr. gjaldþrotalaganna. Var orðið við þeirri kröfu og úrskurður kveðinn upp 7. mars 1985.

Hinn 28. maí var ákærði yfirheyrður fyrir skiptarétti og kvaðst þá vera eignalaus. Hann lýsti yfir, að hann hefði selt allar eignir sínar, eins og að framan hefur verið rakið, og greitt skuldir með andvirðinu. Með bréfi, dagsettu 16. janúar 1986, sendi skiptaráðandi ríkissaksóknara skýrslu um bú ákærða og gögn varðandi það. Segir svo m.a. í bréfinu: „Ljóst er, að þrotamaður var kominn í veruleg fjárhagsvandráði á árinu 1984, er hann hóf sölu á framantöldum eignum sínum. Hann hefur í yfirheyrslum fyrir skiptarétti lýst yfir, að allt andvirði umræddra eigna hafi gengið til greiðslu skulda og að ekkert hafi verið eftir, „ er bú hans var tekið til gjaldþrotaskipta“.

Í framhaldi af þessu ritaði ríkissaksóknari Rannsóknarlögreglu ríkisins bréf og krafðist opinberrar rannsóknar á ætluðum skilasvikum ákærða með undanskoti fjármuna og mismunun lánardrottna.

Rannsóknarlögregla ríkisins fékk út gefna handtökuskipun á hendur ákærða, og var hann síðan handtekinn í Danmörku 2. apríl 1986 og fluttur til Íslands næsta dag. Sama dag hafði hann verið úrskurdaður í gæsluvarðhald til 10. apríl af dómaranum í Holstebro, og 5. apríl var hann úrskurdaður í gæsluvarðhald af sakadómi Reykjavíkur til 23. apríl.

Við yfirheyrslur hjá rannsóknarlögreglu kom fram hjá ákærða, auk þess sem að framan hefur verið rakið, að hann hefði selt hlut sinn í Bústað sf. og verslunina Viktoríu til að greiða skuldir, en ekki gert sér grein fyrir, hversu miklar þær voru, talið sig eiga fyrir skuldum og ekki gert sér ljóst, að svo væri ekki, fyrr en hann var búinn að selja eignirnar. Aðspurður, hví hann hefði ekki gefið bú sitt upp til gjaldþrotaskipta, svaraði hann: „Vegna eðlis ýmissa skulda gat ég það ekki. Það voru utanaðkomandi ábyrgðarmenn á ýmsum skuldum, sem ég greiddi. Ég hefði kannski ekki átt að greiða þær frekar en aðrar skuldir. Það var aðgangsharka kröfuhafa,

sem réð ferðinni.“ Í framhaldi af þessu er hann spurður, hvort honum sýnist ekki ljóst, að einkum hafi verið greiddar kröfur, sem ættmenn hans voru í ábyrgð fyrir, og það verið ástæða þess, að þær voru greiddar. Hann svaraði: „Þetta voru skuldir, sem voru komnar í vanskil og hefðu lent á ábyrgðarmönnum ella. Það er ljóst, að þetta hefði lent á ábyrgðarmönnum. Ég vil hins vegar taka fram, eins og ég hef sagt áður, að ég réð ekki ferðinni, heldur var það harka innheimtumanna. Ég vil líka taka það skýrt fram, að þetta var ekki planlagt þannig af minni hálfu að greiða fyrst og fremst skuldir, sem fjölskylda mín var í ábyrgð fyrir.“ Aðspurður hvort hann teldi sig hafa mismunað kröfuhöfum, svaraði ákærði: „Ég svara því neitandi. Ég hef margsagt, að ég réð ekki ferðinni. Ég lá undir hótunum um, að það myndi reyna á, ef ég ekki greiddi, og ég fékk ekki framlengingu á þessum skuldum. Mikið af þessu var skuldir, sem búið var að framlengja áður.“ Hann kvaðst engar ráðstafanir hafa gert varðandi aðrar skuldir, áður en hann fór til Danmerkur, hvorki samið um þær né sett tryggingar fyrir þeim. Aðspurður um ástæður fyrir utanförinni svaraði ákærði: „Ég get ekki sagt annað en fjárhagur minn var hruninn. Ég hafði ekki frið, hvorki að nóttu né degi, fyrir kröfuhöfum, og ég gat ekki staðið í þessu lengur.“ Síðar segir hann um þetta sama: „Tilgangurinn var að fá frið í bili. Ég fór til Danmerkur, af því að ég þekki til þar í landi. Ég vildi fá frið fyrir kröfuhöfum.“ Ákærði tók fram, að hann hefði alls ekki ætlað að fela sig í Danmörku, og benti á, að hann hefði komið heim, um leið og skiptaráðandi óskaði eftir.

## V.

Ákærði kom fyrst fyrir dóm, er málið var þingfest 4. júní 1986. Hann var lauslega yfirheyrdur, en síðan leystur úr farbanni, sem hann var í og átti að standa til 1. júlí. Næst kom ákærði fyrir dóm 1. júní 1987. Hann viðurkenndi, eins og þegar er fram komið, að hafa selt eignir sínar, þ.e. hlut sinn í Bústað sf. og verslunina Viktoríu, fyrir það verð, sem tilgreint er í ákæru, og í þeim tilgangi að greiða skuldir. Hafi hann verið eignalaus, þegar hann var búinn að selja þær.

Fyrir dómi viðurkenndi ákærði að hafa greitt skuldir þær, sem III. kafli ákæru fjallar um, og hafa skýringar hans á þeim greiðslum þegar verið raktar í II. og III. kafla hér að framan. Varðandi IV. kafla ákærunnar hefur hann kannast við að hafa greitt löghalds- og veðkröfur, svo sem fyrr var rakið, og einnig sölulaun, enn fremur, að afföll af verðbréfum hafi numið þeirri upphæð, er í ákæru greinir. Aðspurður, hvers vegna hann hefði ekki notað verðbréfin til að greiða með skuldir í stað þess að selja þau með afföllum, svaraði hann því til, að margir þeirra, sem hann var í viðskiptum við, hefðu neitað að taka við þeim sem greiðslu og aðeins

viljað reiðufé. Aðspurður, hvort hann hefði reynt að bjóða þau sem greiðslu einhverjum þeirra, er kröfur hafa gert í þrotabú hans, kvaðst hann ekki hafa gert það. Andvirði bréfanna hefði verið notað í greiðslur, er hann hefði þegar gert fullnægjandi grein fyrir. Þá gerði hann engar athugasemdir við 5. lið IV. kafla ákæru, þar sem tilgreindir eru ýmsir reikningar, er ákærði greiddi af andvirði eigna sinna.

Í ákæru er ákærði talinn hafa skotið undan fé, samtals 1.379.508,84 kr. Ákærði hefur neitað, að þessu fé hafi verið skotið undan, heldur hafi hann notað það til að greiða fjórum mönnum peningalán, er hann hafi tekið hjá þeim. Þessir menn eru Arnold Henckell, en honum kvaðst ákærði hafa greitt 348.000,00 kr., og sé þar innifalin 100.000,00 króna greiðsla, sbr. 10. lið III. kafla ákæru. Gunnari A. Pálssyni greiddi ákærði 585.600,00 kr., og er þar einnig innifalin greiðsla á 374.818,00 kr., sbr. 13. lið III. kafla ákæru. Herluf Clausen yngra greiddi ákærði 370.000,00 kr. og Viðari Guðjohnsen 460.000,00 kr. Allt hafi þettar verið lán til sín gegn tékkum, og auk þeirra greiðslna, sem að framan voru raktar, hafi hann greitt á annað hundrað þúsund krónur í vexti. Ákærði lagði fram yfirlit um þessi viðskipti, og komu númer tékkanna og upphæð hvers þeirra fram á þeim. Flestir þessara tékka voru í vörslum skiptaráðanda, en hann hefur afhent dóminum þá, og hafa þeir verið lagðir fram í málinu.

Ákærði kveðst hafa komist í samband við þá Arnold og Viðar fyrir milli-göngu Pálma Haraldssonar. Pálmi og Lárus Lúðvíksson hafi komið sér í samband við Gunnar A. Pálsson, en sjálfur hafi hann þekkt Herluf Clausen.

Fyrir dómi bar Herluf Clausen, að hann hefði lánað ákærða fé í tengslum við viðskipti þeirra, og ekki rengdi hann þá upphæð, er ákærði gaf upp um þau.

Arnold Henckell bar hjá rannsóknarlögreglu að hafa lánað ákærða fé, en fyrir dómi kvað hann Pálma Haraldsson hafa óskað eftir því við sig, að hann útvegaði ákærða peningalán. Hann hafi ekki viljað verða við því, en verið reiðubúinn að taka þátt í viðskiptum með ákærða. Hafi hann gert það á þann hátt, að hann aðstoðaði ákærða við að leysa út vörur gegn ágóðahlut. Hjá rannsóknarlögreglu kom fram, að hann hefði afhent ákærða 200.000,00 kr. í júlí 1984 gegn ávísunum, að fjárhæð kr. 280.000,00, er dagsettar voru fram í tímann. Nánar gat hann ekki gert grein fyrir viðskiptum sínum við ákærða.

Viðar Guðjohnsen kvaðst aldrei hafa lánað ákærða fé, heldur hefði hann fengið tékka, út gefna af honum, frá Lárusi G. Lúðvíkssyni og Pálma Haraldssyni, og hefði hann með því verið að hjálpa þeim Pálma og Lárusi. Ekki gat Viðar borið um umfang þessara viðskipta og hvorki rengt né staðfest þá upphæð, er ákærði nefndi í því sambandi.

Gunnar A. Pálsson kvaðst aldrei hafa lánað ákærða fé, heldur hefði hann leigt Lárusi G. Lúðvíkssyni húsnæði og tekið við tékkum frá honum, sem voru út gefnir af ákærða, til greiðslu á húsaleigunni. Þetta fær stuðning af framburði Pálma Haraldssonar, en Lárus G. Lúðvíksson ber að hafa komið ákærða í samband við Gunnar, sem síðan hafi lánað honum fé.

Allir þeir tékkar, sem lagðir hafa verið fram í málinu og ákærði segir tengjast framangreindum lánaviðskiptum, eru gefnir út af honum til handhafa. Á aðeins einum þeirra er að finna nafn einhvers þeirra fjögurra, sem að framan eru nefndir sem lánardrottinn ákærða, þ.e. nafn Arnolds Henckells. Á þessum tækka eru einnig nöfn Björgúlfs, sonar ákærða, og Lárusar G. Lúðvíkssonar. Þessi nöfn eru einnig á tveimur öðrum tékkum, er ákærði segist hafa greitt Arnold. Á tékkunum, sem tengjast viðskiptunum við Gunnar A. Pálsson, eru nöfn barna ákærða, Björgúlfs og Þóru, nafn Lárusar G. Lúðvíkssonar og nafn Pálma Haraldssonar á tveimur. Á tékkunum, sem tengjast viðskiptunum við Herluf Clausen, er eingöngu nafn ákærða. Og á tékkunum, sem tengjast viðskiptunum við Viðar Guðjohnsen, eru nöfn Björgúlfs Péturssonar og Lárusar G. Lúðvíkssonar.

Ákærði var spurður að því, hvers vegna hann hefði ekki gert rannsóknarlögreglunni grein fyrir þessum viðskiptum. Hann svaraði því til, að hann hefði ekki getað það, vegna þess að hann hefði ekki haft aðgang að gögnum um þau og því hefði orðið um ágiskanir að ræða hjá sér.

Ákærði bar á sama hátt og fyrir lögreglu, sem að framan var rakið, um för sína til Danmerkur og tilganginn með henni. Við síðustu dómsyfirheyrslu óskaði ákærði eftir, að bókað yrði, að þegar hann hefði farið til Danmerkur sér til heilsubótar, hefði það verið ætlun sín að koma heim aftur eftir áramót 1984 - 1985, en vonir sínar um bankalán brugðist og hann því hætt við heimkomuna. Hann neitaði að hafa mismunað kröfuhöfum, heldur hefði aðgangsharka þeirra ráðið ferðinni. Hann kvað sér fyrst hafa orðið ljóst í desember 1984, að hann átti ekki fyrir skuldum.

Svo sem áður hefur verið rakið, voru Björgúlfur, sonur ákærða, og bróðir hans, Hjörtur, í ábyrgð fyrir ýmsum skuldum hans, sem greiddar voru. Fyrir dómi voru þeir spurðir að því, hvort þeir hefðu beitt ákærða þrýstingi, til að þessar skuldir yrðu greiddar, og kannaðist hvorugur þeirra við að hafa gert það.

## VI.

Svo sem áður er fram komið, var bú ákærða tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði skiptaréttar Reykjavíkur, upp kveðnum 7. mars 1985. Gefin var út innköllun til skuldheimtumanna, og námu lýstar kröfur samtals 5.044.750,93 krónum. Kröfur þessar verða nú reifaðar lið fyrir lið og um leið getið um afstöðu ákærða til þeirra. Skiptaráðandi hefur aðeins lýst

afstöðu sinni til einnar kröfu. Ákærði lýsti sig eignalausar fyrir skiptarétti, og mun þess ekki að vænta, að rétturinn muni að óbreyttri stöðu mála taka afstöðu til annarra lýstra krafna.

1. Krafa Lárusar G. Lúðvíkssonar er að fjárhæð 645.362,00 krónur. Hún er samkvæmt tólf víxlum, sem samþykktir eru til greiðslu af ákærða, og áskorunarstefnu á hendur honum og Lárusi G. Lúðvíkssyni. Ákærði hefur mótmælt þessari kröfu og telur sig skulda Lárusi 173.160,00 krónur. Hann hefur skýrt frá því, að hann hafi í greiðaskyni við Lárus samþykkt fyrir hann víxla, sem viðskipti voru ekki á bak við, og kvað hann líklegt, að einverjir af þeim víxlum, sem krafan í þrotabúið er reist á, séu þannig til komnir. Lárus G. Lúðvíksson hefur fyrir dómi mótmælt því, að ákærði hafi samþykkt víxla umfram það, sem viðskipti voru á bak við. Voru þeir samþröfaðir um þetta atriði, en ekki fékkst önnur niðurstaða.

2. Krafa Gjaldheimtunnar í Reykjavík er að fjárhæð 139.709,00 kr. vegna opinberra gjalda 1983 og 1984. Ákærði hefur borið, að hér sé um áætlun að ræða.

3. Krafa Innheimtustofnunar sveitarfélaga er að fjárhæð 10.280,00 kr. vegna meðlags með syni ákærða frá 1. mars 1984 til 31. mars 1985. Ákærði hefur kannast við þessa kröfu, en borið, að hún sé að fullu greidd.

4. Krafa frá Árvakri hf. er að fjárhæð 21.283,00 kr. samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu. Ákærði hefur kannast við þessa kröfu, en kveðst ekki hafa séð hana fyrr en við yfirheyrslu í sakadómi.

5. Krafa Nestu hf. er að fjárhæð 22.096,00 kr. samkvæmt víxli, samþykktum af ákærða. Hann hefur kannast við rithönd sína á víxlinum, en kveðst aldrei hafa átt viðskipti við fyrirtækið.

6. Krafa Péturs R. Guðmundssonar er að fjárhæð 250.000,00 kr. samkvæmt fjórum tékkum, út gefnum af ákærða, og einum víxli, samþykktum af honum. Ákærði hefur kannast við rithönd sína á þessum skjölum, en kveðst aldrei hafa fengið skýringu á því, hvers eðlis viðskiptin voru, sem stóðu á bak við kröfunna.

7. Krafa Lífeyrissjóðs verslunarmanna er að fjárhæð 23.082,80 krónur. Ákærði hefur kannast við þessa skuld. Skiptaráðandi hefur samþykkt þessa kröfu.

8. Krafa Plastos hf. er að fjárhæð 30.032,90 kr. samkvæmt áritaðri áskorunarstefnu. Ákærði hefur kannast við þessa skuld, en gat ekki gert grein fyrir viðskiptunum á bak við hana.

9. Krafa Finnsk-íslenska verslunarfélagsins hf. er að fjárhæð 433.130,00 kr. samkvæmt einum víxli, samþykktum af ákærða, og fimm tékkum, út gefnum af honum. Ákærði hefur kannast við rithönd sína á þessum skjölum, en ekki getað borið um viðskiptin með þau. Vegna þessarar kröfu óskaði verjandi ákærða eftir því, að forsvarsmaður félagsins kæmi

fyrir dóm og gerði grein fyrir þessum viðskiptum. Jón Ólafsson, framkvæmdastjóri félagsins, bar fyrir dómi, að tékkarnir væru greiðsla frá ákærða fyrir vörur, er hann hefði keypt af félaginu. Jón kvað ákærða hafa verið í miklum vanskilum við sig, og hefðu tékkar verið framlengdir hvað eftir annað. Einnig hefði verið algengt, að tékkar væru stílaðir fram í tímann. Í gögnum málsins er að finna reikning frá félaginu, að fjárhæð 103.627,00 kr., vegna fatakaupa verslunarinnar Viktoríu. Þennan reikning greiðir ákærði með tveimur tékkum, sem síðan reynast innstæðulausir og eru meðal þeirra, sem krafa félagsins í þrotabú ákærða grundvallast á. Jón Ólafsson kvaðst ekki hafa undir höndum frekari gögn um viðskipti ákærða við félagið.

10. Krafa Rafmagnsveitu Reykjavíkur er að fjárhæð 12.257,00 kr. vegna rafmagnsnotkunar ákærða að Eiðistorgi 5 frá 2. mars 1984 til 18. júlí s.á. og að Birkimel 10 frá 10. júlí 1984 til 5. janúar 1985. Varðandi þessar kröfur þá hefur ákærði bent á, að hann hafi farið af landi brott í desember 1984 og flust frá Eiðistorgi 5 5. júní 1984.

11. Krafa Verslunarbankans er að fjárhæð 465.295,63 kr. samkvæmt dómi bæjarþings Reykjavíkur og tveimur árituðum áskorunarstefnum. Ákærði hefur borið, að hér muni hafa verið um að ræða persónulegan yfirdrátt sinn.

12. Krafa Hilmars Ingimundarsonar hrl. er að fjárhæð 250.441,40 kr. samkvæmt tékka, að fjárhæð 200.000,00 kr., sem ákærði hefur kannast við að hafa gefið út. Hann hefur ekki getað skýrt frá, hvaða viðskipti liggja á bak við tékkann, en hefur kannast við rithönd sína á honum.

13. Krafa Guðmundar Ósvaldssonar er að fjárhæð 109.096,00 kr. samkvæmt tveimur tékkum, út gefnum af ákærða. Hann hefur borið, að þetta sé að hluta til húsaleiga og að hluta til þvinguð þóknun vegna breytingar á húsaleigusamningi.

14. Krafa tollstjórans í Reykjavík er að fjárhæð 2.041.934,00 kr. vegna vangoldins söluskatts. Ákærði hefur borið, að þessi skuld sé áætlaður söluskattur. Hann skuldi í raun um 500.000,00 krónur. Kröfu þessari til stuðnings hefur verið lögð fram tölvuútskrift frá tollstjóraembættinu, þar sem fram kemur sundurliðun á söluskattsálagningu á fyrirtæki ákærða 1984. Áður er fram komið, að hann greiddi engan söluskatt árið 1984, en skilaði inn skýrslum. Þegar söluskattskýrslur ákærða eru bornar saman við álagningarskrá tollstjóra, kemur í ljós, að tollstjóri byggir á framtölum ákærða nema fyrir febrúar, þar sem ákærði telur sig eiga að greiða 33.146,00 kr., en tollstjóri 25.620,00 kr., og fyrir september, þar sem ákærði telur fram 157.315,00 kr., en tollstjóri leggur á hann 29.934,00 krónur. Ekki eru meðal gagna málsins skýrslur fyrir október og nóvember, en tollstjóri leggur á ákærða fyrir þá mánuði svo og fyrir desember, en þá hafði hann selt verslunina.

15. Krafa Guðjóns Styrkárssonar hrl. samtals er 613.834,00 kr. samkvæmt sjö víxlum, samþykktum af ákærða, og einum tékka, út gefnum af honum. Ákærði hefur borið, að fyrir liggja dómur um, að þetta sé ekki krafa. Guðjón Styrkársson hefur borið, að hann eigi ekki lengur kröfu í þrotabú ákærða.

#### *Niðurstaða.*

Samkvæmt ákæruskjalinu er ákærða annars vegar gefið að sök að hafa stórlega mismunað lánardrottnum sínum, einkum með greiðslu þeirra fjárskuldbindinga, sem ættingjar og vinir stóðu í ábyrgð fyrir, og hins vegar er hann sakaður um undanskot fjármuna. Verður fyrst fjallað um fyrra atriðið.

Eins og rakið var, selur ákærði allar eigur sínar um haustið og í byrjun vetrar 1984. Var hann þá eignalaus, en skuldaði samt umtalsvert fé, svo sem rakið hefur verið, og breytir hér engu um, þótt skuldir ákærða kunni að vera eitthvað lægri en tilgreint er í kröfulýsingalistanum. Þeim fjármunum, sem hann fékk í hendur með sölu eignanna, varði hann til greiðslu sumra skulda sinna, en hirti í engu um hinar. Það er sannað með framburði ákærða, vitna og öðrum gögnum málsins, að ættingjar ákærða voru í ábyrgð fyrir þeim skuldum, er hann greiddi, en hann einn ber ábyrgð á þeim skuldum, sem eftir standa og lýst hefur verið í þrotabú hans, sem er með öllu eignalaust. Af framburði ákærða má ráða, að fjárhagsvandræði hans áttu sér nokkurn aðdraganda. Hann tapar á rekstrinum 1983, og hann greiðir engan söluskatt allt árið 1984. Hann selur íbúð sína að Eiðistorgi 5 í mars sama ár. Og samkvæmt framburði hans sjálfs gengur rekstur hans hratt niður á við árið 1984. Honum hlaut því að vera ljóst, að hverju gat stefnt, enda er ákærði engan veginn reynslulaus í viðskiptum, hafði rekið verslunina Viktoríu frá árinu 1976. Honum var fyrir fram vel ljóst, hvað hann myndi fá fyrir eignarhluta sinn í Bústað sf. Þá hefði honum sem reyndum verslunarmanni vart átt að dyljast raunverulegt verðmæti verslunarinnar Viktoríu og honum því mátt vera fullljóst, hvað fyrir hana myndi fást. Þegar síðan litið er til þess, hvaða skuldir ákærði greiðir, eins og áður hefur verið rakið, og hvernig hann hegðar sér, eftir að hann hafði fengið í hendur fjármuni, t.d. með því að selja skuldabréf með verulegum afföllum í stað þess að reyna að nota þau til greiðslu skulda með fullu verði, þá verður að telja, að ákærði hafi af ásetningi mismunað lánardrottnum sínum, eins og honum er gefið að sök í ákæruskjali.

Varðar þetta við 4. tl. 1. mgr. 250. gr. almennra hegningarlaga.

Síðara atriðið, sem ákærði er sakaður um, er undanskot fjármuna, sem í ákærinni eru taldir nema 1.379.991,16 krónum. Ákærði hefur neitað að hafa skotið undan fjármunum. Hann hefur borið, að þetta fé hafi verið greitt mönnum, er höfðu lánað honum peninga, eins og rakið var hér að

framan. Lagði ákærði þessu til stuðnings fram yfirlit yfir tékka, númer þeirra og upphæðir, er höfðu verið afhentir mönnunum lánunum til tryggingar. Tékkar þessir voru flestir í vörslum skiptaráðanda, en hafa verið lagðir fram í málinu. Eins og fyrr var fram komið, hafa þessi menn komið fyrir dóm, en ekki allir kannast við að hafa lánað ákærða fé. Hins vegar hafa allir kannast við að hafa fengið tékka frá ákærða, og þeir, sem ekki könnuðust við að hafa lánað honum, kváðust hafa fengið tékkana frá Lárusi G. Lúðvíkssyni, eins og rakið var. Auk tékkafjárhæðanna kvaðst ákærði hafa greitt á annað hundrað þúsund krónur í vexti af þeim. Að þessu athuguðu verður að telja ósannað, að ákærði hafi skotið undan fé, heldur hafi þessir peningar runnið til að greiða tékkaskuldir, eins og ákærði heldur fram. Hann verður því sýknaður af ákæru um undanskot fjármuna.

Refsing ákærða er hæfileg sex mánaða fangelsi, en með hliðsjón af sakaferli hans og svo því, að gjaldprot hans hefur valdið umtalsverðri röskun á stöðu hans og högum, þykir mega skilorðsbinda helming refsingarinnar, og skal sá hluti hennar falla niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Vegna rannsóknar þessa máls var ákærði handtekinn í Danmörku 2. apríl 1986 og 3. apríl klukkan 9.37 úrskurðaður í gæsluvarðhald til 10. sama mánaðar í því skyni, að hann yrði framseldur til Íslands. Þangað var hann fluttur sama dag. Hinn 4. apríl krafðist Rannsóknarlögregla ríkisins þess, að hann yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til 23. apríl, og varð sakadómur Reykjavíkur við því 5. apríl. Úrskurðurinn var kærður til Hæstaréttar, sem staðfesti hann 11. apríl. Ákærði sat í gæsluvarðhaldi til 22. apríl klukkan 16.50. Með vísan til 76. gr. almennra hegningarlaga er rétt, að til frádráttar hinum óskilorðsbundna hluta refsingar ákærða komi öll gæsluvarðhaldsvist hans frá 3. til 22. apríl 1986, samtals 20 dagar.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., 75.000,00 krónur.

#### D ó m s o r ð:

Ákærði, Pétur Ingólfsson, sæti fangelsi þrjá mánuði, en til frádráttar skal koma gæsluvarðhaldsvist hans 20 daga. Enn fremur sæti ákærði fangelsi þrjá mánuði, en fresta skal fullnustu þess hluta refsingarinnar, og falli hún niður að liðnum tveimur árum, haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Bjarnasonar hrl., 75.000,00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.